

FARSÆLDARRÁÐ AUSTURLANDS

3. FUNDUR 13. APRÍL 2026 KL. 14

HALDIN Á TEAMS

Mættir voru: Líneik Anna Sævarsdóttir, Stjórnandi fræðslumála og skólaþjónustu Fjarðabyggð; Þórhildur Sigurðardóttir, Verkefnastjóri frístunda- og æskulýðsmála Vopnafirði; Stefanía Malen Stefánsdóttir, Grunnskólafulltrúi Múlaþingi; Kjartan Benediktsson, Sveitastjórnarmaður Fljótsdal; Jónína Óskarsdóttir, Fagstjóri hjúkrunar á heilsugæslusviði HSA; Kristján Ólafur Guðnason, Yfirlögregluþjónn á Austurlandi; Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, Svæðisfulltrúi ÍSÍ/UMFÍ; Árni Ólason, Skólameistari ME, Rake Wium Ágústsdóttir, Ungmennaráði Múlaþingi; Björg Eyþórsdóttir, Foreldraráð Múlaþingi; Aldís Anna Sigurjónsdóttir, Foreldraráð Fjarðabyggð; Heiðbjört Marín Óskarsdóttir, Foreldraráð Vopnafjarðar; Nína Hrönn Gunnarsdóttir, Verkefnastjóri Farsældarráðs á Austurlandi. Marta Wium Hermannsdóttir, Leikskólafulltrúi í Múlaþingi sat fundinn frá kl 14:20-16 sem gestur.

Fjarverandi: Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir, Sviðsstjóri menntunar og lýðheilsu Múlaþingi; Anna Alexandersdóttir, Sviðstjóri Velferðar hjá Múlaþingi; Aðalheiður Björk Rúnarsdóttir, Stjórnandi félagsþjónustu Fjarðabyggð; Guðný Björg Guðlaugsdóttir, Áfangastjóri VA; Alexandra Björt, Ungmennaráði Vopnafjarðar; Ína Berglind Guðmundsdóttir, Ungmennaráði Múlaþingi; Maryam Luay George, Ungmennaráði Fjarðabyggð.

Dagskrá fundar

- Setning fundar– Líneik Anna Sævarsdóttir varaformaður Farsældarráðs á Austurlandi
- Kynning frá Lögreglunni um greiningar og gögn frá þeim – Kristján Ólafur Guðnason
- Niðurstöður um þátttöku í Íþróttum, áskoranir í íþróttaiðkun og frístundum– Jóhanna Íris Ingólfssdóttir
- Heillaspor – staða verkefnisins í Múlaþingi Marta Wium Hermannsdóttir
- Kynning á áskorunum í skólaþjónustu í Múlaþingi og Fjarðabyggð - Stefanía Malen Stefánsdóttir og Líneik Anna Sævarsdóttir
- Samantekt og fundarslit

1) Setning fundar og farið yfir skipulag næsta fundar ráðsins

- Varaformaður farsældarráðs setti fundinn gerði grein fyrir dagskrá hans. Á næsta fundi, 11. maí verður svo vinnufundur á Egilsstöðum þar sem við komum öll saman og vinnum í hópum og forgangsröðum aðgerðum út frá þeim gögnum sem við höfum aflað og komum með tillögur af leiðum til að ná þeim.

2) Kynning frá Lögreglunni um greiningar og göng.

Kristján Ólafur Guðnason kynnti helstu greiningar lögreglu á Austurlandi varðandi mál þar sem börn og ungmenni yngri en 18 ára koma við sögu. Gögn sýna að málum þar sem ungmenni á aldrinum 15–18 ára eru skráð hefur fjölgað frá 2020, þó fjöldi einstaklinga sé minni en fjöldi mála gefur til kynna. Sjá kynningu í fylgiskjali. Sjá kynningu í heild [hér](#)

3) Niðurstöður um þátttöku í Íþróttum, áskoranir í íþróttaiðkun og frístundum

Jóhanna Íris Ingólfssdóttir Svæðisfulltrúi ÍSÍ/UMFÍ fór yfir niðurstöður könnunar um þátttöku í Íþróttum sem gerð var í Múlaþingi haustið 2025 þar sem 53,67% þátttaka var eða 358 svör af

667. Þar kom í ljós að 86,6% svarenda á börn í íþróttum en 13,4% ekki., Einnig var fjallað um um áskoranir í frístundum og vinnu svæðisfulltrúa ÍSÍ þar sem kom fram að skipulagt íþróttastarf er ein besta forvörnin sem samfélagið á þar læra börn og ungmenni heilbrigðan lífsstíl, félagsfærni og að takast á við áskoranir. Frekari niðurstöður könnunarinnar og kynninguna í heild má sjá [hér](#).

4) Heillaspor – staða verkefnisins í Múlaþingi

Marta Wium Hermannsdóttir, leiksskólafulltrúi Múlaþingi kynnti stöðu innleiðingar Heillaspora í Múlaþingi. Fram kom að Egilsstaðaskóli er á öðru ári í innleiðingu undir handleiðslu Heillasporateymis, verkefnið hefur verið innleitt í starfsmannastefnu skólans og innleiðing hafin í Fellaskóla og Bjarkartúni, Djúpavogi. Heillaspor er liður í því að styrkja inngildandi skóla- og frístundastarf með áherslu á vellíðan, öryggi og farsæld barna. Kynninguna í heild má sjá [hér](#)

5) Kynning á áskorunum í skólaþjónustu í Múlaþingi og Fjarðabyggð

Stefanía Malen Stefánsdóttir, Grunnskólafulltrúi Múlaþingi og Líneik Anna Sævarsdóttir, Stjórnandi fræðslumála og skólaþjónustu í Fjarðabyggð fóru yfir helstu áskoranir í skólaþjónustu á Austurlandi. Þar kom fram að mönnun og aðgengi að sérfræðingum eru stærstu áskoranirnar við að geta veitt lögbundna og viðeigandi þjónustu við sífellt fjölbreyttari nemendahóp. Kynninguna í heild má sjá [hér](#)

6) Samantekt og fundarslit

- a) **Næsti fundur:** Farið var yfir að næsti fundur yrði haldinn 11. maí og verður hann í sal Austurbrúar að Tjarnarbraut 39 á Egilsstöðum og yrði frá kl:13-16. Um vinnufund verður að ræða þar sem hópurinn vinnur með fyrirbyggjandi gögn, tekur saman helstu áskoranir, forgangsraðar aðgerðum og ræðir leiðir til að ná þeim. Fundarmenn eru beðnir um að skrá hjá sér, í samráði við sitt samstarfsfólk/ samráðshóp, þær aðgerðir sem þeir telja mikilvægastar, svo þær geti orðið umræðugrundvöllur á vinnufundinum 11. maí. [Skjalið](#) er vistað á sameiginlegu drifi ráðsins.
- b) **Fundargerðir Farsældarráðs:** Beiðni hefur borist frá blaðamanni Austurgluggans um að fá fundargerðir Farsældarráðs. Rætt var um að vista fundargerðirnar jafnframt á vef Austurbrúar, þar sem Farsældarráð hefur [vefsvæði](#), auk þess sem þær verði sendar til sveitarfélaga og stofnana í samræmi við gildandi verklagsreglur. Farsældarráð samþykkti þessa tillögu.
- c) **Föruneyti barna:** Rætt var um verkefnið **Föruneyti barna**, sem er þróunarverkefni á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytisins og Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu. Markmið verkefnisins er að valdefla foreldra og forsjáraðila og styðja við farsæld barna með námskeiðum og fræðslu innan leik- og grunnskóla. Verkefnið er hluti af því að efla grunnþjónustu fjölskyldna í samræmi við farsældarlög og telst til forvarnarverkefna sem eru í boði fyrir alla uppalendur. Á næsta fundi verður verkefnið tekið nánar til umfjöllunar og skoðaður möguleiki á að setja það fram sem aðgerð og/eða styrkbeiðni í tengslum við farsældarstyrki, ef eftir því verður kallað.

Fundi slitið kl. 16

Fundargerð ritaði Nína Hrönn Gunnarsdóttir

